

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

Fundurinn fór fram í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 11:00.

Fundinn sátu: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Starfsheitið Leiðsagnarkennari**

Samningsaðilar eru sammála um að á samningstímanum framlengist gildistími ákvæðis um starfsheiti leiðsagnarkennara sem hljóðar svo:

**Leiðsagnarkennari**

Kennari sem tekur að sér leiðsögn við starfsnámsnema, nema/vettvangsnema og nýliða í starfi ber starfsheitið leiðsagnarkennari. Leiðsagnarkennari er faglegur leiðtogi í lærdómssamfélagi grunnskóla og er/getur verið starfandi kennurum til ráðgjafar þegar kemur að starfsþróun og endurmenntun. Starf við leiðsögn skal aldrei vera minna en 20 % starfshlutfall og er alltaf tímabundið til eins skólaárs í senn. Skilyrði er að leiðsagnarkennari hafi a.m.k. þriggja ára starfsreynslu og leyfisbréf til kennslu í grunnskóla.

Viðfangsefni leiðsagnarkennara skulu útfærð nánar að frumkvæði skólustjóra í hverjum grunnskóla fyrir sig í samráði við kennara sem falið er að sinna leiðsögn. Starfið skal þá taka mið af umfangi leiðsagnar s.s. útfrá fjölda nema, nýliða eða annarra þeirra verkefna sem kunna að snúa að hlutverki leiðsagnarkennara sem faglegur leiðtogi í lærdómssamfélagi grunnskóla.

**Leiðsagnarkennari 1:** Kennari í starfsheitinu Grunnskólakennari sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 235.

**Leiðsagnarkennari 2:** Kennari í starfsheitinu Umsjónarkennari eða Sérkennari sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 237.

Kennari sem tekur tímabundið að sér móttöku nema/vettvangsnema sem ekki eru í starfsnámi á lokaári, s.s. kennari á tilteknu námssviði, fellur ekki undir starfsheitið Leiðsagnarkennari.

Leiðsagnarkennari sinnir leiðsögn við starfsnámsnema, vettvangsnema og nýliða vegna starfa þeirra á vettvangi s.s. við undirbúning kennslu, kennsluáætlanagerð, ráðgjöf vegna kennslu og annars samstarfs við nemendur, foreldrasamstarfs og annarra faglegra starfa sem starfi kennara tilheyra.

Í samráði við skólastjóra kemur leiðsagnarkennari að skipulagningu, áætlanagerð, mati og endurgjöf sem tengist leiðsögn við starfsnámsnema, vettvangsnema og nýliða og vinnur hann þá í samstarfi við háskóla viðkomandi starfsnáms-, vettvangsnema.

Starfsnámsnemi starfar að lágmarki í 50% starfi við kennslu á lokaári kennaranáms hvort sem námið er launað starfsnám eða ekki.

Vettvangsnemi/nemi er nemandi í kennaranámi sem ekki er starfsnámsnemi á lokaári.

Kennarar sem taka að sér leiðsögn og njóta kennsluskylduafsláttar á grundvelli greinar 2.5.2.1 í kjarasamningi KÍ og SNS njóta þeirra réttinda áfram bæði sem leiðsagnarkennarar og í öðrum störfum þar sem um kennsluskyldu er að ræða.

Ákvæði kjarasamnings FG og SNS um leiðsagnarkennara gildir til 31. júlí 2021 en fellur þá niður án frekari fyrirvara. Áður en ákvæðið fellur niður þann 31. júlí 2021 skulu samningasaðilar taka upp umræðu um framhald þess í kjarasamningi.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11:15.